

**Ed.**

**908. Frumvarp**

til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Veðurathuganastöð skal sett á stofn í Reykjavík eða þar í nánd.

2. gr.

Stöðin skal rannsaka veðráttu og veðrabrigði að því er Ísland varðar, svo sem fõng eru á, og gefa daglega út skýrslu um það, hverra veðra sje von.

3. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir, forstjóri og aðstoðarmaður. Ákveður stjórnarráðið laun þeirra.

Forstjóri skal skyldur að flytja nokkra fyrirlestra við háskóla Íslands skólaár hvert um almenna veðurfræði og veðráttu á Íslandi.

4. gr.

Forstjóri skal með ráði landsstjórnar fá gerðar veðurathuganir þar er þurfa þykir á landi voru; skulu þaðan veðurskýrslur sendar daglega, eða á þann hátt, sem forstjóri semur um. Veður-athugana-áhöld til stöðva þessara leggur landssjóður fram og greiðir þóknun fyrir starfann.

5. gr.

Í öllum verstöðum landsins, er hafa hraðskeytasamband, kaupstöðum og kauptúnum, skal setja viðvörunarstöðvar, er birti daglegar veðurskýrslur stöðvarinnar í Reykjavík, og gefi glögg merki þegar snöggra veðrabrigða er von. Landssjóður kostar áhöld þau, er til þarf, en sveitarsjóðir eða bæjarsjóðir greiða þóknun fyrir starfann.

6. gr.

Stjórnarráðið ákveður nánara með reglugerð alt það, er við vikur athuganastöðinni í Reykjavík, sambandi hennar við aðrar stöðvar og um stofnsetning og um fyrirkomulag viðvörunarstöðva.

7. gr.

Veðurathuganastöðin sje stofnsett svo fljótt, sem við verður komið.